

Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (JBjarn, EMS, GAK, HHj, KJúl).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 2:</i>			
1. Við 08-204 Lífeyrstryggingar			
a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	15.042,0	368,0	15.410,0
b. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	8.920,0	327,0	9.247,0
<i>Greitt úr rikissjóði</i>	<i>18.842,0</i>	<i>695,0</i>	<i>19.537,0</i>
2. Við 08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra			
1.15 Til úrbóta í búsetu- og umönnunarmálum aldraðra	0,0	5.000,0	5.000,0
<i>Greitt úr rikissjóði</i>	<i>0,0</i>	<i>5.000,0</i>	<i>5.000,0</i>

Greinargerð.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar lögðu fram breytingartillögur við 2. umræðu til að tryggja nýja framtíðarskipan lífeyrismála. Allar voru tillögurnar felldar en nú eru annars vegar gerðar tillögur um að frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega verði 70 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2007, þannig er frítekjumarkið lækkað frá fyrri tillögu sem gerði ráð fyrir að markið yrði 75.000 kr., í þeirri von að ríkisstjórnarmeirihlutinn geti frekar samþykkt þá upphæð. Hins vegar er gerð tillaga um að Framkvæmdasjóði aldraðra verði bættar þær skerðingar sem ákveðnar hafa verið á undanförunum árum og 5 milljörðum kr. varið til úrbóta í búsetu- og umönnunarmálum aldraðra.